


■ Sammála ■ Hlutlaus ■ Ósammála



Rödd foreldra í viðhorfskönnunum

Hildur B. Svavarsdóttir
Tölfræði- og rannsóknþjónusta
LSR&MSR

Foreldrakannanir Reykjavíkurborgar

Grunnskólar:

- Annað hvert ár frá 2000
- Allir grunnskólar
- Úrtak foreldra
- Hver grunnskóli fær skýrslu
- Svarhlutfall 65-70%, 3.000 tóku þátt 2006

Leikskólar:

- Annar hver skóli annað hvert ár
- Allir frá 2007
- Foreldrar allra barna
- Hver leikskóli fær skýrslu
- Svarhlutfall 64%, 3.200 tóku þátt 2007

Markmið viðhorfskannana


- Gögn fyrir sjálfsmat skóla
- Eftirlitshlutverk sviða og viðhorf til stefnu
- Leið fyrir foreldra að koma skoðunum á framfæri

Áhrif á leikskólastarf

- Um 40% sögðust hafa tækifæri til að hafa áhrif á innra starf
- Um 90% sögðust hafa tækifæri til að ræða við starfsfólk um uppeldi barnsins

Áhrif á grunnskólastarf

70% vilja hafa svipuð áhrif á skólastarf og nú en 26% meiri áhrif:



Dæmi um viðhorf til stefnu

Grunnskólar:

- Fjöldi kennsludaga
- Vetrarfrí
- Einstaklingsmiðað nám
- Áhersla á sjálfstætt rekna skóla
- Þarfir sérstakra hópa
- Námsstilboð fyrir 5 ára börn

Leikskólar:

- Sveigjanleg skólaskil
- Þarfir sérstakra hópa
- Umhverfisstefna
- Börn yngri en 18 mánaða í leikskólum

Dæmi um niðurstöður úr stefnumótunarspurningu

- Finnst þér að Reykjavíkurborg ætti að leggja mikla eða litla áherslu á að skólaganga barna geti hafist við 5 ára aldur? 33% sögðu mikla en 46% litla
- Hvar ætti námstilboð fyrir 5 ára börn að vera? Innan leikskólans sögðu 52%, innan grunnskólans sögðu 21% en 27% vildu óbreytt fyrirkomulag hjá 5 ára börnum

Rýnihópar í grunnskólum

- Almennir skólar, vor 2007
- Tveir hópar fyrir hvert skólastig, einn fyrir skóla sem komu vel út 2006, einn fyrir þá skóla sem komu lakast út.
- 4-6 í hverjum hópi
- 22 konur, 5 karlar

Rýnihópar – Umræðuefni

- Skólabyrjun (yngsta stig)
- Þátttaka forráðamanna í skólastarfi
- Upplýsingaflæði (frá umsjónarkennurum og öðru starfsfólki skóla)
- Umsjónarkennari
- Samskipti við annað starfsfólk skóla
- Skipulagning náms og kennsluhættir
- Val í námi (efsta stig)
- Félagsandi í skóla og einelti
- Sérkennsla (ekki á yngsta stigi)
- Nemendur af erlendum uppruna (miðstig)
- Breytingar á milli skólastiga

Rýnihópur vegna yngsta stigs

- Þátttaka í skólastarfi
- *Skólar misduglegir við að virkja foreldra*
- *Áhugi foreldra mismikill*
- *Það var reynt að koma í veg fyrir þetta hjá okkur þannig að bekknum var skipt upp í fjóra hópa. Síðan á fyrst hópur 1 að sjá um foreldrafélagið og gera eitthvað fyrir börnin í ákveðinn tíma...Ef maður skiptir skólaárinu í fjögur tímabil, þá eru kannski átta foreldrar virkir á hverju tímabili...Þannig að maður veit að maður er virkur á tilteknum tíma. Þannig er ekki hægt að segja "Nei, ég kemst ekki".*
- *Þetta eru alltaf sömu foreldrarnir. Þetta er svo sorglegt því börnin vilja hafa foreldrana með, á t.d. á uppákomum í bekkjum og eitthvað sem er að fara fram á skólatíma. Nauðsynlega þurfa börnin á því að halda að foreldrarnir taki þátt í þessu.*

Rýnihópur vegna yngsta stigs

- Samskipti forráðamanna og barna við starfsfólk skóla
- *Jákvætt viðhorf starfsmanna*
- *Að forráðamenn fái að vera með*
- *Það er líka þannig í skólanum að maður má koma hvenær sem er. Maður er minntur á það að maður má koma þarna og vera í tímum, vera í hálfan dag, heilan dag...hvað sem er.*
- *Honum var sýndur ofboðslega mikill áhugi, veit ekki hvort það hefur eitthvað að gera með að hann kemur úr öðru hverfi en hann varð strax ofboðslega mikill vinur kennarans og allra. Maður vissi allt og mikið lagt upp úr að maður kynnist öllu starfsfólkinu...hann vissi allt um skólann bara á fyrstu vikunni. Þannig að maður hafði engar áhyggjur...,*

Rýnihópur vegna yngsta stigs

- Breytingar milli skólastiga
- *Samstarf heimila og skóla minnkar með hækkandi aldri barnanna*
- *Almennt held ég að meira samstarf foreldra og skóla leiði af sér meiri ánægju foreldra. Þá er maður í betri tengslum við skólann og getur haft meiri áhrif og tekið meiri þátt.*
- *Þegar bilið breiðkar þá verður maður líklega óánægðari ef vandamál koma upp miðað við ef tengslin væru sterkari.*
- *Og mér finnst samskipti af hálfu skólans minnka svolítið þegar þau eldast.*

Rýnihópur vegna miðstigs

- Þátttaka í skólastarfi
- *Skólar misduglegir við að virkja foreldra*
- *Áhugi foreldra mismikill*
- *... einu sinni gekk það svo langt að einhver skrifaði í blað, nokkuð sem birtist með feitri yfirskrift, að það væru 580 munarlaus börn í skólanum. Ástæðan var að við sendum könnun inn á heimili hvers foreldris í skólanum, og það voru innan við 20 svör sem bárust!*
- *Þar hefur það verið gert að bjóða upp á skemmtiatriði á vegum barnanna, þegar foreldrafundir eru. T.d. eru söngleikir eða leikrit og þetta drífur að foreldrana. Þeir fá í leiðinni að horfa á börnin sín. Það eru skemmtiatriði á milli atriða! ...þetta var bara æðislegt. Eiginlega hlakkar mann bara til þessara kynningarfunda.*

Rýnihópar vegna unglíngastígs

- Þátttaka í skólástarfi
- *Sum staðar virkt foreldrasamstarf*
- *Erfiðara á unglíngstíginu*
- *Samstarfið á milli foreldra er öðruvísi á unglíngastíginu miðað við fyrri stígin...þetta að fara í keilu einu sinni í mánuði og slíkt, það er allt saman erfiðara núna en það var áður. Núna er nær að það sé farið í keilu þrisvar sinnum samtals yfir allan veturinn. Krakkarnir sjálfir hafa líka áhrif á þetta, þeim finnst allt svona öðruvísi en þegar þau voru t.d. í 4. bekk. Kannski hafa þau ekki áhugann lengur, það stýrir þessu mikið.*

Að lokum

- Fyrir öll skólastigin þrjú mátti merkja að foreldrar sem áttu börn í skólum sem komu best út úr viðhorfskönnuninni frá 2006, voru ánægðari með skóla barna sinna, heldur en hinir, sérstaklega í atriðum eins og **upplýsingaflæði (sérstaklega á yngsta stigi), foreldrasamstarfi og samskiptum við starfsfólk.**
- Foreldrar barna sem rætt var við í þessari rannsókn voru þegar á heildina er litið, ánægðir með grunnskólann. Fram kom vilji til að taka þátt og skilningur á því að skólaganga er samvinnuverkefni milli heimila og skóla. Einnig komu fram ýmis atriði og ábendingar sem vonandi nýtast starfsfólki skóla í samstarfi þeirra við foreldrar, bæði til að viðhalda góðum tengslum og til að bæta þau.